

Spil 9

Lawrence: Dynamic Defence.

NORÐUR

♠ 942
♥ K9
♦ KDG963
♣ K8

VESTUR

♠ D1083
♥ 73
♦ Á5
♣ 107632

AUSTUR

♠ K76
♥ ÁG65
♦ 872
♣ G95

SUÐUR

♠ ÁG5
♥ D10842
♦ 104
♣ ÁD4

Norður gefur. AV á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	1 ♦	Pass	1 ♥
Pass	2 ♦	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

TALNING OG HLIÐARKALL

Vestur spilar út ♠3, fjórða hæsta, og Suður tekur kóng Austurs með ás. Og spilar ♦10. Vestur dúkkar, en fær næsta slag á ♦Á og þarf að finna hjartaásinn hjá makker.

Lawrence: Fyrsta tígulfylgja Austurs er talning. Síðan getur hann gefið hliðarkall í næsta tígulslag.

GPA: Ég er sammála þessu þegar ENGIN *augljós innkoma* er í borði. “Augljós innkoma” er skilgreind sem ÁS eða TVEIR KÓNGAR til hliðar.

Hins vegar breytist forgangurinn ef Vestur tekur STRAX á tígulásinn. Þá er fyrsta tígulfylgja hliðarkall - alltaf.

Spil 10

Lawrence: Dynamic Defence.

NORÐUR

♠ ÁKG8

♥ K7

♦ 109753

♣ D3

VESTUR

♠ 10765

♥ 65

♦ K642

♣ G105

AUSTUR

♠ D93

♥ ÁDG10

♦ D

♣ 98764

SUÐUR

♠ 42

♥ 98432

♦ ÁG8

♣ ÁK2

Norður gefur. Allir á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	1 ♦	Pass	1 ♥
Pass	1 ♠	Pass	3 G
Pass	Pass	Pass	

VEKJARAKLUKKUKALL

Lawrence: Vestur spilar út ♣G í ómelduðum lit og sagnhafi fer upp með ♣D og spilar tígli. Hann drepur drottningu Austurs með ás og spilar ♦G, sem Vestur tekur á kóng. Og nú er komið að Austri að tjá sig, sem vill fá hjarta og ekkert annað: Hann gæti hent smæsta laufi, en öruggasta leiðin til að fá makker til að spila hjarta er að henda hreinlega spaðadrottningu - sem er svokallað *alarm-cock signal*.

GPA: Lawrence er á þeirri línu að Austur eigi að frávísa í fyrsta slag. Ég er ósammála. Þegar ♣D fær að eiga fyrsta slaginn er augljóst að Austur á ekki kóng eða ás, þannig að hér er betra að nota talningu. Reglan hér er: þegar ekki er hægt að sýna háspil með kalli, þá víkur kall/frávísun fyrir talningu.

Spil 11

Lawrence: Dynamic Defence.

NORÐUR

♠ Á1074

♥ Á

♦ G96

♣ KG1074

VESTUR

♠ 82

♥ 10872

♦ D1075

♣ Á63

AUSTUR

♠ K5

♥ 9643

♦ Á32

♣ D982

SUÐUR

♠ DG963

♥ KDG5

♦ K84

♣ 5

Suður gefur. Allir á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	-	1 ♠
Pass	2 ♣	Pass	2 ♥
Pass	3 ♠	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

AÐ SPILA TIL BAKA

Hér reynir á tvennt: snögga túlkun á útspilsreglum og réttan undirbúning. Vestur kemur út með tígul upp á ás Austurs, sem heldur áfram með litinn. Sagnhafi er við öllu búinn; fer strax upp með kónginn og spilar laufi. En er Vestur viðbúinn?

Woolsey: Austur spilar ♦3 til baka í öðrum slag — hærra frá tvíspili í ríkjandi lengd. Þar með á Vestur að sjá að sagnhafi er með þriðja tígulinn og því einspil í laufi. Ergó: Upp með ásinn!

GPA: Hraðinn er meginvandinn í slíkum spilum. Alltaf þegar blindur kemur upp með KG í hliðarlit ætti vörnin að fara sér hægt í upphafi og búa sig undir að sagnhafi spili litnum. Í þessu spili er það á ábyrgð Austurs að staldra við í öðrum slag og gefa makker tíma til að anda.

Spil 12

Kokish: æfingadæmi.

NORÐUR

♠ ÁD6

♥ D82

♦ D74

♣ DG103

VESTUR

♠ 73

♥ Á73

♦ G1095

♣ K962

AUSTUR

♠ 92

♥ KG10964

♦ 832

♣ Á5

SUÐUR

♠ KG10854

♥ 5

♦ ÁK6

♣ 874

Vestur gefur. Enginn á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
Pass	1 ♣	2 ♥ ¹⁾	2 ♠
3 ♥	3 ♠	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

(1) Hindrun.

ÞRIGGJA-LITA-KALL

Eftir ♥Á út þarf Vestur að skipta yfir í lauf og gefa Austri stungu. Er hægt að finna þá vörn?

GPA: Mæli með “þriggja-lita-kallinu” þegar búið er að sýna sexlit+ í sögnum, það er að segja, hindra með stökki eða opna á veikum tveimur.

Kallið virkar þannig: Millispil biður um litinn áfram, hátt um hærri lit og lágt um lægri. Í þessu tilfelli myndi Austur láta hjartafjarkann til að biðja um lauf.

Spil 13

Kokish: æfingadæmi.

NORÐUR

♠ 1097

♥ 862

♦ Á109

♣ KG109

VESTUR

♠ K8

♥ KG93

♦ D853

♣ 742

AUSTUR

♠ 43

♥ 10754

♦ 742

♣ ÁD86

SUÐUR

♠ ÁDG652

♥ ÁD

♦ KG6

♣ 53

Suður gefur. AV á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	-	1 ♠
Pass	2 ♠	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

TALNING GEGN GRANDI - HLIÐARKALL GEGN LIT

Vestur kemur út með lítinn tígul, nían úr blindum og Austur á að láta í slaginn. Er tígulfylgja Austurs talning eða hliðarkall?

GPA: Hin almenna regla gegn GRANDI er sú að gefa talningu þegar þriðja hönd á ekki yfir gosa eða lægra spili blinds. En gegn LIT er betra að nota hliðarkall, því það er sannarlega ekkert að hafa í litnum. Austur fylgir því með ♦2, sem ber að túlka sem kall í laufi.

Spil 14

Kokish: æfingadæmi.

NORÐUR

♠ K103

♥ Á864

♦ KG82

♣ 75

VESTUR

♠ D96542

♥ KD103

♦ 7

♣ Á8

AUSTUR

♠ -

♥ 9752

♦ 54

♣ KDG10643

SUÐUR

♠ ÁG87

♥ G

♦ ÁD10963

♣ 92

Austur gefur. Enginn á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	-	3 ♣	3 ♦
Pass	5 ♦	Pass	Pass
Pass			

ÞRIGGJA-LITA-KALL OG LÝSANDI SPIL

Vestur spilar út ♣Á og nú þarf Austur að finna leið til að fá makker til að skipta yfir í spaða.

GPA: “Þriggja-lita-kall” á við þegar makker útspilarans hefur sýnt langlit í sögnum — minnst sexlit. Þetta er því rétta staðan.

Laufkóngurinn er hins vegar *lýsandi spil* til að sýna drottninguna (og hið sama væri drotningin til að sýna gosann).

Slíkt er stundum nauðsynlegt.

Fyrsta hliðarkallsspilið er laufgosinn, sem væri þá ávísun á spaða og rétta spilið hér. Laufpristur væri hliðarkall í hjarta og millilauf hlutlaust, eða “kall” í laufi.

Spil 15

Óljós uppruni.

NORÐUR

♠ G6

♥ G754

♦ KD32

♣ ÁKD

VESTUR

♠ ÁD

♥ KD106

♦ 107

♣ G8742

AUSTUR

♠ 743

♥ Á983

♦ G985

♣ 65

SUÐUR

♠ K109852

♥ 2

♦ Á64

♣ 1093

Norður gefur. AV á hættu.

<u>Vestur</u>	<u>Norður</u>	<u>Austur</u>	<u>Suður</u>
-	1 G	Pass	4 ♠
Pass	Pass	Pass	

UNDANTEKNING - TALNING TEKUR VIÐ AF K/F

Útspilið er ♥K. Þegar hann heldur, sér Vestur þrjá slagi og vonast kannski til að vörnin fái annan hjartaslag. En það gengur ekki að spila hjarta í öðrum slag — eina vörnin er að skipta yfir í lauf og byggja þar upp stungu.

GPA: Kall/frávísun er frumregla varnarinnar þegar út kemur mannsþil, en það má skilgreina nokkrar undantekningar. Þetta er ein: Þegar kóngur kemur út gegn trompsamningi og í borði er $Gxx(xx)$, er gefin TALNING. Rökin eru þau að það þurfi ekki að kalla með ásinn, því ef kóngurinn á slaginn er ljóst hvar ásinn er. Ef Vestur treystir því að makker eigi fjórlit í hjarta (þristurinn=jöfn tala), þá leitar hann annars staðar fyrir sér eftir úrslitaslagnum.

Spil 16

Sunday Times mótið 1993.

NORÐUR

♠ D84

♥ DG1043

♦ K73

♣ K9

VESTUR

♠ ÁG1032

♥ 86

♦ G86

♣ 873

AUSTUR

♠ 65

♥ K952

♦ 10952

♣ ÁDG

SUÐUR

♠ K97

♥ Á7

♦ ÁD4

♣ 106542

Austur gefur. Enginn á hættu.

Vestur	Norður	Austur	Suður
-	-	Pass	1 ♣
1 ♠	2 ♥	Pass	2 G
Pass	3 G	Pass	Pass
Pass			

BIÐLEIKUR OG HLIÐARKALL

Vestur spilar út ♠G (eða ♠10 ef sú er aðferðin), sem sagnhafi tekur á ♠K heima og spilar ♥Á og meira hjarta. Í framhaldinu verður vörnin að koma því svo fyrir að Vestur taki strax á ♠Á og noti innkomu sína til að spila laufi í gegnum ♣Kx.

GPA: Þorlákur Jónsson var sagnhafi gegn Branco og Chagas. Chagas var í austur og hann drap strax á ♥K og skipti yfir í ♦10 - og lagði þannig grunn að því að Vestur myndi örugglega spila laufi síðar. (Það er svo annað mál að þegar Þorlákur spilaði spaða, þá dúkkaði Branco og gaf þannig spilið.)

Austur gæti gert enn betur með því að dúkka hjartað fram á það síðasta og fylgja lit í röðinni 2-5-9 til að benda á laufið. Þannig vörðust Leufkens og Westra.